



# Safnaðartíðindi

# Seljasóknar

31. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2010



Við upphaf fermingarguðsþjónustu 21 .mars s.l.

**Kynnið ykkur  
dagskrá Seljakirkju  
í kyrruviku og um  
páska á baksíðu**

## Gleðilega páska

### Kristur styður hverja manneskju

Páskahátíðin er elsta hátíð kristinnar kirkju. Boðskapur hennar er sá að kraftur Guðs sé að starfi fyrir fólk á jörðu, styðji til hins góða. Það er staðreyndin sem við byggjum á þegar við segjum að Jesús sé leiðtogi lífsins. Í kirkjunni okkar í Seljahverfi er minnt á þá staðreynd á páskahátíðinni, eins og reyndar í öllum

guðsþjónustum. Hver einasta manneskja þarf á því að halda í lífinu að hlusta á það að Guð er okkur til hjálpar. Stundum þarf lífið að verða harkalegt til þess að við gerum okkur grein fyrir þeirri staðreynd. Bíðum ekki eftir því. Komum í kirkjuna okkar á heilagri hátíð og njótum þar boðskaparins góða.

Valgeir Ástráðsson



## Samverur eldri borgara 30. mars og 27. apríl

Síðasta þriðjudag hvers mánaðar er menningarsamvera þeirra sem við köllum „heldri borgara“. Hefst hver samvera kl. 18 og að lokinni dagskrá er snæddur kvöldverður í safnaðarsal. Á samverunni 30. mars verður ræðumaður kvöldsins Þór Vigfússon, fyrrum skólameistari á Selfossi. Hann er okkur að góðu kunnur og mikill frásagnarmaður. Eldri félagar

Karlarórsins Fóstbræður koma síðan og skemmta okkur með kröftugum söng undir stjórn Árna Harðarsonar. Þriðjudaginn 27. apríl mun Sölvi Sveinsson fyrrum skólameistari flytja erindi. Kirkjukórinn undir stjórn Tómasar Guðna Eggertssonar og Barnakór kirkjunnar undir stjórn Önnu Margrétar Óskarsdóttur flytja okkur tónlistina það kvöld.

## Uppstigningardagur - dagur aldraðra

Sú hefð hefur skapast að uppstigningardagur hefur í söfnuðunum verið helgaður eldri borgurum og þeim sérstaklega boðið til guðsþjónustu. Sá dagur er nú í ár 13. maí og þá munum við halda góðri hefð. Guðsþjónusta verður þá í

Seljakirkju og hefst kl. 14. Að guðsþjónustunni lokinni verður sameiginlegt kirkjukaffi, þar sem færi gefst á að spjalla og eiga góða stund saman. Til þessa dags eru að sjálfsögðu allir velkomnir, en sérstaklega eldri borgarar.

## Kvöldguðsþjónustur í sumar

Guðsþjónustur í Seljakirkju í sumar verða á sunnudagskvöldum en ekki kl. 14 eins og guðsþjónustur á vetrartímanum. Þennan hátt höfum haft um árabíl. Fyrsta kvöldguðsþjónustan verður sunnudaginn 6. júní og hefst kl. 20.

Kvöldtími á guðsþjónustum gefur færi til þess að koma til guðsþjónustu að loknu fríi, jafnvel þótt farið sé út fyrir bæ. Það er gott að geta komið til kirkjunnar sinnar og eiga þar bænastund í guðsþjónustu þegar ný starfsvika er að morgni.

## Aðalfundur Seljasóknar 16. maí

Aðalsafnaðarfundur Seljasóknar verður haldinn að lokinni guðsþjónustu 16. maí n.k. Sá fundur markar starf safnaðarins, því þar eru fluttar skýrslur starfsdeilda, og lagðir fram reikningar safnaðarins. Þar er líka kosið til stjórnunarstarfa.

Atkvæðisrétt á aðalsafnaðarfundum hefur allt þjóðkirkjufólk sem býr í Seljahverfi og hefur náð 16 ára aldri. Það er mikilvægt fyrir starfið að safnaðarfólk taki þar þátt og leggi fram skoðanir. Því hvetjum við til þátttöku.



# Fréttir

### Seljasöfnuður 30 ára

Það var árið 1980 að stofnsett var sérstök kirkjusókn hér í Seljahverfinu og skipulagt safnaðarstarf hófst. Fyrsta formlega guðsþjónustan á vegum safnaðarins var þegar nýráðinn sóknarprestur var settur inn í embætti í byrjun október það ár. Sé horft til þess mikla starfs sem síðan hefur vaxið í Seljasöfnuði er sannarlega vert að staldra við á tímamótum. Þar er líka yfir mörgu að gleðjast, sem við munum gera í kirkjunni okkar, sem er einn stærsti sýnilegi áfanginn á góðum ferli. Þar eigum við sóknarfólk sameiginlega stað þar sem við minnumst gleðistunda, líka þeirra stunda þar sem uppörvunar og huggunar var þörf. Við stefnum til að minnast tímamótanna á næsta hausti.

### Góðar gjafir til kirkjunnar

Með mikilli notkun safnaðarsala og eldhúsaðstöðu þarf viðhald og endurnýjun. Kvenfélagið hefur í gegnum árin lagt fram margt og verðmætt til kirkjunnar. Mun sá listi vera orðinn langur. Þær kvenfélagskonur hafa nú gefið 200 bolla með kökudiskum til notkunar í safnaðarsölum. Það verður allt innbrennt með merki kirkjunnar. Þarna er um að ræða mikil verðmæti, sem koma mjög að gagni. Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja hefur haldið fundi sína í kirkjumiðstöðinni. Þær klúbbsystur hafa einnig gefið margar góðar gjafir til kirkjunnar. Nú hafa þær lagt fram ríflega peningagjöf til kaupa á öðru því sem þarf við í eldhúsinu. Allt eru þetta frábær framlög til að efla safnaðarstarfið í kirkjumiðstöðinni okkar, þar sem mikið starf er alla daga vikunnar, oftast margir fundir og samverur á sama tíma. Það tekst vegna þess hversu margir leggja hönd á plóg. Guð blessi góðar gjafir.

## Frímerkjaklúbburinn

Einn af föstum þáttum í starfinu er sá klúbbur. Hann er í samvinnu við Klúbb Skandinavíusafnara, sem leggja þar fram mikið og fórnúst framlag. Þar er ungum og öldnum veitt tilsögn við söfnun ásamt félagsskap við holla iðju. Samverur Frímerkjaklúbbsins eru á þriðjudögum kl. 17.

## Barnakórinn

Þar er gott starf undir stjórn Önnu Margrétar Óskarsdóttur. Kórinn hefur sungið við barnaguðspjónustur og fleiri viðburði í starfi kirkjunnar. Nú í vor verða vortónleikar kórsins fimmtudaginn, 20. maí kl. 18.30 í Seljakirkju.

## Sumarnámskeið falla niður

Undanfarin ár hefur Seljasöfnuður staðið fyrir sumarnámskeiðum fyrir börn. Því miður verður breyting þar á, þetta árið. Eins og alls staðar í samfélaginu sverfur að í rekstri, þar sem verður ýmsu að hagræða. Það snertir kirkjustarfið sem annað. Þar reynum við að halda í horfi eftir því sem hægt er, en í mörgu verður að herða ólina. Við horfum fram til þess að betur megi ganga

## Heimasíða kirkjunnar

Það má fylgjast með fréttum af starfi kirkjunnar á heimasíðu safnaðarins. Þar er reynt að hafa allar fréttir nýjar þannig að þær gefi góðar upplýsingar um það sem framundan er. Slóðin er: <http://www.seljakirkja.is>



Safnaðartíðindi Seljasóknar  
31. árg. 1. töl. Þáskar 2010

Seljakirkja  
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110  
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Astráðsson  
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson

Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Bergþórsson  
Prentun: Svansprent hf.  
Upplag: 3000 eintök.

# Síðasta barnaguðspjónusta vetrarins

Við lok barnaguðspjónusta að vori höfum við haft tilbreytni. Þá hefur gjarnan verið farið í ferðir, haldin guðspjónusta í annarri kirkju en okkar. Nú á þessu vori förum í Breiðholtskirkju, þar sem verður guðspjónusta með barnastarfshópum

úr þeirri kirkju ásamt Fella- og Hólakirkju og Seljakirkju. Guðspjónustan hefst kl. 11. Þangað skulum við hópast og njóta guðspjónustunnar og gestrisni heimafólks.



## Árleg guðspjónusta hestafólks 2. maí

Nú í ár verður ellefta skiptið sem efnt er til kirkjureiðar við guðspjónustu í Seljakirkju. Þá fjölmennir hestafólk á öllum aldri úr hesthúsahverfunum til kirkjunnar. Hóparnir koma frá Viðidalnum, Fjárborgum, Andvaravöllum, Heimsenda, Gustssvæðinu og jafnvel víðar. Við Seljakirkju verður sett upp vandað

gerði fyrir hrossin. Um guðspjónustuna sér heimafólk. Hinn líflegi „Brokk-kór“ mun syngja undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar. Að athöfn í kirkjunni lokinni er boðið upp á kirkjukaffi. Til guðspjónustunnar 2. maí eru allir velkomnir, á hestbaki eða ekki.

## „Kirkjugöngur“ safnaðanna í Breiðholti

Í Breiðholthverfunum eru söfnuðir við Breiðholtskirkju, Fella- og Hólakirkju og kirkjuna okkar, Seljakirkju. Á síðasta sumri var efnt til göngu milli kirknanna og við lok göngunnar tekið þátt í guðspjónustu viðkomandi kirkju. Við gönguna var leiðsögn þar sem frætt var um hverfið okkar, Breiðholtið. Þetta var góð nýbreytni, sem margir nýttu sér. Góð gönguferð um hverfið er öllum holl, sérstaklega þegar hún endar með guðspjónustu í kirkjunni. Nú í ár hefur verið ákveðið að endurtaka þessar göngur, fara aðrar

leiðir en enda sem áður í guðspjónustu einnar kirkjunnar. Fyrsta gangan verður frá Fella- og Hólakirkju sunnudaginn 30. maí og hefst kl. 10 að morgni. Gengið verður til Breiðholtskirkju en þar hefst guðspjónusta kl. 11. Sunnudaginn 6. júní verður gengið frá Breiðholtskirkju til Seljakirkju. Þar er kvöldguðspjónusta kl. 20, þannig að gangan hefst kl. 19. Síðasta gangan hefst við Seljakirkju sunnudaginn 13. júní til Fella- og Hólakirkju en þar verður guðspjónusta kl. 20.

# Guðsþjónustur í Seljakirkju kyrruviku og páska



## 28. mars pálmásunnudagur

- kl. 11 Barnaguðsþjónusta  
Í umsjá sr. Jóns Ómars Gunnarssonar og Boga Benediktssonar
- kl. 10:30 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
- kl. 14 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

## 1. apríl skírdagur

- kl. 14 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
- kl. 20 Kvöldguðsþjónusta - Altarisganga  
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

## 2. apríl föstudagurinn langi

- kl. 14 Guðsþjónusta  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
Píslarsagan lesin. Litanían sungin

## 4. apríl páskadagur

- kl. 8 Morgunguðsþjónusta  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
Einar Jónsson, Jóhann Stefánsson,  
Oddur Björnsson og Sigurður S. Þorbergsson,  
blásarar úr Sinfóníuhljómsveitinni leika á lúðra.
- kl. 11 Fjölskylduguðsþjónusta  
Umsjón: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson  
Barnakór kirkjunnar syngur  
undir stjórn Önnu Margrétar Óskarsdóttur
- kl. 11 Guðsþjónusta Skógarbæ  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

## 5. apríl annar páskadagur

- kl. 14 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga  
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

Kór Seljakirkju syngur við guðsþjónusturnar  
Organisti er Tómas Guðni Eggertsson